

ÁRSSKÝRSLA 2000

ANNUAL REPORT



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

POST- AND TELECOM
ADMINISTRATION OF ICELAND



EFNISYFIRLIT

Contents

Ávarp forstöðumanns	4
<i>Address of the Managing Director</i>	<i>5</i>
Fjarskiptamarkaðurinn 2000	6
Póstþjónusta 2000	7
<i>The Postal Services in 2000</i>	<i>7</i>
<i>The Telecommunications Market in 2000</i>	<i>8</i>
Rekstrarreikningur 2000	10
<i>Income Statement 2000</i>	<i>11</i>
Starfsemi Póst- og fjarskiptastofnunar 2000	12
<i>Operations 2000</i>	<i>12</i>
Skipurit Póst- og fjarskiptastofnunar	14
<i>Organization</i>	<i>14</i>



ÁVARP FORSTÖÐUMANNNS

Fyrirtækjum á innlenda fjarskiptamarkaðinum fjölgaði enn á árinu 2000. Rekstrarleyfi sem Póst- og fjarskiptastofnun gaf út voru 20 í árslok 1999 en 28 í lok ársins 2000. Líkt og árin á undan fjölgaði notendum mest í farsíma- og farstöðvaþjónustu. Í farsímaþjónustu var aðalaukningin í fyrirfram greiddri þjónustu þar sem notandinn kaupir kort með ákveðinni upphæð sem undið er ofan af með hverju símtali. Póst- og fjarskiptastofnuninni barst í byrjun árs umsókn um úthlutun á tíðnisviði á 1800 MHz fyrir farsímanet og þjónustu og var því ákveðið að auglýsa eftir umsóknum um rekstrarleyfi til þess að gæta jafnræðis við úthlutun og gefa öllum jafnan kost á því að sækja um leyfi. Það vakti talsverða athygli innan lands sem utan að fjórar umsóknir bárust frá íslenskum fyrirtækjum, eitt þeirra reyndar dótturfyrirtæki erlends fyrirtækis og annað í náinni samvinnu við erlenda aðila. Tvö leyfi höfðu áður verið veitt fyrir DCS 1800 farsímanetum og höfðu sömu fyrirtækin hlotið þau og fengið höfðu leyfi til að starfrækja GSM farsímanet á 900 MHz.

Á grundvelli umsóknanna voru fjögur ný leyfi fyrir farsímanet og þjónustu gefin út í júní 2000 og fylgja þeim skilyrði um að taka verði úthlutað tíðnisvið eða a.m.k. hluta þess í notkun innan árs frá leyfisveitingunni. Það er ljóst að tveir hinna nýju leyfishafa munu einbeita sér að þjónustu á alþjóðavettvangi með miðstöð á Íslandi. Engu að síður verða þeir samkvæmt skilmálum leyfanna að bjóða þjónustu á tilteknum stöðum á Íslandi. Það verður fróðlegt að sjá hvort allir fjórir leyfishafar hefji þjónustu og hvort íslenski markaðurinn geti borið sex farsímanet en margir hafa látið í ljós efasemdir um það. Árið 2001 mun það væntanlega skýrast hvert stefnir í þessum málum.

Það var hins vegar táknið um þróun fjarskiptamarkaðarins á árinu 2000 að þegar auglýst var í lok ársins eftir umsóknum um þriðja leyfið fyrir GSM farsímanet á 900 MHz barst einungis ein umsókn en venjulega er þetta talið vera eftirsóknarverðara tíðnisvið en 1800 MHz. Það er auðvelt að setja þetta í samhengi við umsnúninginn sem varð í mörgum löndum eftir að uppboð voru haldin á árinu á farsímaleyfum fyrir hinn svokallaða þriðju kynslóðar farsíma. Á skömmum tíma dró mjög úr vexti fjarskiptaiðnaðarins, fjárfestar og bankar fóru að halda að sér höndum og spurt var hvort farsímafyrirtækin gætu ráðið við mikinn byrjunarkostnað við uppbyggingu nýrra farsímaneta samtímis því að

greiða háar upphæðir fyrir leyfin í ríkissjóð. Þessi umsnúningur hefur komið fram í flestum ríkjum Vestur-Evrópu og náði jafnvel til þeirra sem ekki héldu uppboð en veittu farsímaleyfi í samræmi við fyrirheit umsækjenda um þjónustuvæði og framboð.

Á árinu 2000 var unnið að undirbúningi einkavæðingar Landssíma Íslands hf. og samkvæmt frumvarpi sem lagt var fyrir 126. löggjafarþing er heimilt að selja allt hlutafé ríkissjóðs í félaginu. Ekki er ljóst hvenær sölnunni verður að fullu lokið en gert er ráð fyrir að 49% af hlutfé félagsins verði selt fyrir árslok 2001. Í athugasemdum með frumvarpi til laganna segir að fjölbreytni á fjarskiptamarkaðinum og aukin samkeppni hafi gert það að verkum að útilokað sé að Landssími Íslands hf. einn samkeppnisaðila á markaðinum, lúti eignarhaldi ríkisins. Það verður að telja að hið gagnstæða skipti ekki síður máli, að áfram verði til fyrirtæki á hinum íslenska fjarskiptamarkaði sem geta veitt Landssímanum samkeppni. Það er þess vegna vonandi að sú þróun sem lýst er hér að framan verði ekki til að fækka fyrirtækjum á markaðinum.

Ýmsum hefur orðið tíðrætt um fyrirkomulag á úthlutun farsímaleyfa á Íslandi fyrir hina nýju gerð farsíma og sér í lagi á meðan geysihá leyfisgjöld streymdu í ríkissjóði nokkurra Evrópulanda. Það sjónarmið að tíðnirófið sé sameign þjóðarinnar og að leitast skuli eftir að hámarka arðinn af því með því að halda uppboð á leyfunum á sér víða hljómgrunn. Það er samt vafasamt að uppboðsaðferðin eigi rétt á sér nema eftirspurn sé meiri en framboð. Í þeim tíðnisviðum sem á alþjóðaráðstefnum hafa verið tekin frá fyrir næstu gerð farsíma er líklegt að hægt verði að úthluta 4-5 leyfum á Íslandi án þess að setja farsímanetunum neinar takmarkanir að því er varðar útbreiðslu og notendafjölda. Við þær kringumstæður sem nú ríkja er ekki hægt að gefa sér að uppboð þjóni þeim tilgangi að búa til markaðsgildi fyrir tíðnisviðið og að auka tekjur ríkissjóðs.

Ejstefninn

Forstöðumaður

ADDRESS OF THE MANAGING DIRECTOR

The number of licensed operators in the Icelandic telecommunications market increased again in 2000. By year-end 1999, the Post and Telecom Administration had issued 20 operating licenses, compared to 28 at year-end 2000. As in 1999, the largest increase in the number of users was in mobile telephone and other mobile services. In mobile telephone services, the main increase occurred in prepaid services where the user purchases a card with a built-in value that reduces with each call.

At the beginning of the year, the Post and Telecom Administration received an application to allocate frequencies in the 1800 MHz band for the operation of a mobile telephone network and services, whereupon it was decided to issue a public invitation for license applications in order to provide an equal opportunity for all to apply. The four applications that were subsequently received from Icelandic companies caused considerable attention in Iceland as well as abroad. One company was the affiliate of a foreign company and another was working in close cooperation with interests abroad. Two licenses had previously been issued for DCS 1800 networks, the licensees being the same companies that received licenses to operate GSM mobile networks in the 900 MHz band.


On the basis of the applications, four new licenses for mobile telephone networks and services were issued in June 2000, with the attached condition that the assigned frequency range, or at least part of it, must be taken into use within one year of the date of issue of the license. It is known that two of the new licensees will concentrate on international services provided out of Iceland. Nevertheless they must, according to the terms of the licenses, offer services in specified areas of Iceland as well. It will be interesting to see whether all four licensees initiate services and if the Icelandic market can carry six mobile telephone networks, something that has caused many to express doubts. The year 2001 will probably show in which direction we are heading.

It was a sign of the development of the telecommunications market in 2000, however, that after issuing a year-end invitation for applications for a third license for a GSM 900 network, only one application was received despite the fact that this frequency band is usually considered more attractive. It is easy to put this into context with the turnaround that occurred in many countries after auctions were held during the year for

licenses for the so-called third-generation mobile telephones. Over a short period, the growth rate of the telecommunications industry declined, investors and banks began to tighten their purse strings, and questions were asked if mobile telephone operators could manage the vast start-up costs associated with new mobile networks while paying large amounts to governments. This turnaround occurred in most western European countries and also reached countries where auctions were not held but which issued licenses according to the undertakings of applicants with respect to service areas and provisions.

In 2000, work proceeded in preparation for the privatization of Iceland Telecom, Ltd., and, according to a proposal put to the Parliament during its 2000-2001 session, all government stock in the company can be sold. It is not clear when the sale will be completed, but it is assumed that 49% of the stock will be sold before year-end 2001. In a comment with the proposal,* it is said that diversity in the telecommunications market and increased competition has resulted in the impossibility of Iceland Telecom, Ltd. to remain in public ownership alone among its competitors. One must observe, however, that the reverse is of no less importance, in that companies able to compete with Iceland Telecom, Ltd. must also remain in the market. It is hoped, therefore, that the developments described earlier will not lead to a reduction in the number of competing companies.

The methods of issuing mobile licenses in Iceland for the new type of mobile telephones have been the subject of much discussion, especially as extraordinary license fees were flowing into the coffers of several European states. The view that the frequency spectrum is the common property of a nation and that efforts should be made to maximize the rate of return by holding auctions for the licenses has many adherents. Nevertheless, it is doubtful that the auction procedure can be justified unless demand is greater than supply. In those frequency bands that have been set aside by international conferences for the next type of mobile telephones, it is likely that 4 to 5 licenses can be issued in Iceland without establishing restrictions on the mobile telephone networks with respect to coverage and the number of users. In current circumstances, one cannot assume that auctions will serve the purpose of creating a market value for the frequency band and increasing income for the State


Director

FJARSKIPTAMARKAÐURINN 2000

Það er ekki spurning, farsímaþjónusta var líflegasti hluti íslenska fjarskiptamarkaðarins á árinu 2000. Notendum hélt áfram að fjölga og í lok ársins voru þeir samtals 213.801 sem samsvarar að um 75 prósent landsmanna eigi farsíma. Eins og áður kepptu Landssími Íslands hf. og Tal hf. um hylli GSM farsímanotenda sem voru samtals 185.603 en fyrrnefnda félagið hafði eftir sem áður umtalsverða markaðshlutdeild samtímis því að það eitt veitir NMT farsímaþjónustu. Það sem var eftirtektaþverðast við farsíma-markaðinn voru vinsældir fyrirfram greiddra korta. Svo virðist sem mörgum farsímanotendum henti sérstaklega vel þetta fyrirkomulag sem gerir notendum kleift að stýra betur notkun sinni en hið hefðbundna fyrirkomulag þar sem greitt er fast afnotagjald og reikningur fyrir notkun kemur eftir á.

Ekki fjölgaði eingöngu notendum, fjöldi leyfishafa jókst einnig. Póst- og fjarskiptastofnun ákvað í byrjun árs, þegar umsókn barst frá aðila um úthlutun á tíðnum fyrir farsíma í 1800 MHz sviðinu, að gefa öðrum kost á að sækja um tíðniúthlutun og auglýsti eftir umsóknum. Fjórar umsóknir bárust og í júní voru afgreidd fjögur leyfi og fengu þau Íslandssími GSM ehf., Lína.net hf., Halló Frjáls fjarskipti ehf. og IMC Ísland ehf. Tvö hin síðast-nefndu ætluðu sér einkum hlutverk á hinum alþjóðlega reiki-markaði en þau skilyrði fylgdu leyfunum að leyfishafi verður að veita farsímaþjónustu á tilteknu svæði á Íslandi innan árs frá leyfisveitingunni. Félögin ákváðu sjálf umfang þjónustusvæðanna í umsókn sinni. Í lok ársins hafði enginn hinna nýju leyfishafa byrjað að veita þjónustu.

Annað útboð var á árinu haldið á farsímaleyfi, að þessu sinni á þriðja leyfinu í 900 MHz tíðnisviðinu. Landssími Íslands hf. og Tal hf. höfðu eins og fyrr segir áður fengið leyfi til að reka farsímanet í þessu sviði en síðla sumars tók samgönguráðherra ákvörðun um að úthluta skyldi þriðja leyfinu. Póst- og fjarskiptastofnun samdi útboðsgögn og var frestur til að skila umsóknum til 15. desember 2000. Ein umsókn barst frá Íslandssíma GSM ehf. en í lok ársins var vinnu við umfjöllun á umsókninni ekki lokið.

Umræða um næstu tegund farsímaneta, svonefnda þriðju kynslóð, var áberandi í fjölmiðlum ekki sist eftir niðurstöður uppboða í ýmsum ríkjum Vestur Evrópu sem leiddu í sumum tilfellum til risahárna greiðslna í ríkisjóð viðkomandi ríkja. Samgönguráðherra tók á árinu ákvörðun um að uppboð á leyfum skuli ekki haldið á Íslandi en leyfum úthlutað í samræmi við fyrirheit umsækjenda um þjónustusvæði og fyrirkomulag. Ekki var ákveðið hvenær leyfum verður úthlutað enda má segja að eftir viðbrögð fjármálamarkaða erlendis við háum gjöldum fyrir farsímaleyfi sé ljóst að seinkun verði á opnun hinnar nýju farsímaþjónustu. WAP gagnaflutningsþjónusta var kynnt í íslenskum farsímanetum en virtist ekki slá í gegn hér frekar en annars staðar. Margir hafa bundið væntingar við GPRS þjónustu í farsímanetum sem virðist hafa ýmsa kosti fyrir gagnaflutning en skortur á farsímu með GPRS möguleika kom í veg fyrir að þær væntingar væru uppfylltar á árinu.

Það er almennt viðurkennt að einna erfiðast muni verða að koma á raunhæfri samkeppni í heimtaugum því að lagning nýrra koparstrengja í rótgrónum íbúðahverfum er mjög dýr. Burtséð frá

því er nauðsynleg forsenda slíkrar samkeppni að fastagjöld fyrir talsíma séu byggð á kostnaði en ekki niðurgreidd. Það hefur verið ljóst áratugum saman að fastagjöld fyrir síma hafa ekki endurspeglað kostnaðinn sem fylgir rekstri heimtaugar en að þau hafa verið niðurgreidd af háum gjöldum fyrir langlínu- og útlandasímtöl. Tilraunir til að bæta úr þessu hafa ávallt strandað á mótbárum simnotenda. Í lögum um fjarskipti frá 1999 ákvað Alþingi að jafna simgjöldin með því að fela Póst- og fjarskiptastofnun að ákveða fastagjald fyrir talsímaþjónustu í samræmi við kostnaðartölur sem Landssími Íslands hf. skyldi leggja fram. Meginniðurstaða þessarar endurskoðunar var hækkun heimilssímagjalds úr 533 kr í 1.111 kr. og atvinnusíma úr 1.066 kr. í 1.667 og jafnframt verður inniföldum skrefum fækkað í áföngum fyrir heimilssíma og þegar í stað hjá atvinnusímum. Á móti kom lækkan á upphafsgjaldi símtals, mínútugjaldi og einkum þó útlandagjöldum.

Það eru fleiri þættir sem hafa veruleg áhrif á möguleika nýrra fyrirtækja að keppa um hylli notenda á fjarskiptamarkaðinum. Einn þeirra er númeraflutningur sem gerir notanda mögulegt að flytja með sér símanúmer sitt þegar hann færir sig frá einum þjónustuveitanda til annars. Samkvæmt reglum sem Póst- og fjarskiptastofnun setti í samráði við vinnuhóp skipaðan fulltrúum símafyrirtækjanna var númeraflutningur milli símafyrirtækja innleiddur 1. september 2000. Flutningur milli mismunandi landssvæða skal samkvæmt sömu reglum vera mögulegur frá 15. febrúar 2001 og númeraflutningur milli farsímaneta 1. júní 2001. Annar þáttur er fast forval sem gerir simnotanda mögulegt að velja annað símafyrirtæki en hann er tengdur til þess að annast ákveðnar tegundir símtala, t.d. útlandasímtöl. Reglur um þetta tóku gildi 1. apríl 2000 en fyrst þegar leið á haustið fóru simnotendur að nota sér þennan möguleika í einhverjum mæli. Mikil samkeppni komst á um forvalsþjónustu og lækkuðu t.d. gjöld fyrir símtöl til útlanda talsvert í kjölfarið. Þriðji þátturinn sem nefna má í sambandi við samkeppnismöguleika nýju fyrirtækjanna er að þau eigi kost á nógu mörgum símanúmerum. Almennt hefur verið talið að sjö stafa númer myndu duga Íslendingum í langan tíma en með nýjum farsímaleyfishöfum sem lögðu aðaláherslu á alþjóðlega reikiþjónustu komu fram óskir um fleiri símanúmer en fyrirbyggjandi númerakerfi gat ráðið við. Póst- og fjarskiptastofnun leitaði álits hjá talsímafyrirtækjunum og ákvað síðan að innleiða níu tölustafa símanúmer í hluta númerakerfisins, þ.e. þeirra númera sem byrja á 3 en þau hafa ekki verið notuð fram að þessu.

Með alþjónustu er gert ráð fyrir að tryggja öllum landsmönnum lágmarksaðgang að talsímaþjónustu. Innifalið í alþjónustu er aðgengi að almenningssímum. Póst- og fjarskiptastofnun hefur í samráði við Landssíma Íslands hf. sem samkvæmt leyfisbréfi er falin framkvæmd alþjónustu gert úttekt á staðsetningu og notkun almenningssíma. Að lokinni úttektinni komst stofnunin að þeirri niðurstöðu að starfrækja skuli að lágmarki um 300 almenningssíma víðs vegar um landið og skuli þeir vera staðsettir á stöðum þar sem almenningur getur haft aðgang helst allan sólarhringinn en að lágmarki á daginn og kvöldin.

PÓSTÞJÓNUSTA 2000

Það er ekki hægt að segja að miklar hræringar hafi verið í pósthjónustu við landsmenn á árinu 2000. Vegna aukins kostnaðar fór Íslandspóstur í byrjun árs fram á gjaldskrárhækkunir á þjónustu í einkarétti sem námu milli 5 og 14% eftir þyngdarflokki og taldi Póst- og fjarskiptastofnun ófært að hafna þeirri ósk vegna þess að höfnun hefði leitt til aukins rekstrarhalla félagsins. Auk þess hækkaði Íslandspóstur gjaldskrá sína fyrir þjónustu í samkeppni. Hagræðingu í rekstri pósthúsa og afgreiðslustaða var haldið áfram á árinu einkum í samvinnu við banka og sparisjóði og er enn vonast til að hún beri þann árangur að rekstur Íslandspósts hf. geti skilað hagnaði. Það er ljóst að hagræðing af þessu tagi er ekki vel séð af þeim viðskiptavinum sem telja sig hljóta verri þjónustu fyrir vikið en í sumum tilfellum hefur afgreiðslutími afgreiðslustaða verið lengdur eftir sameiningu við aðra afgreiðslu. Það verður að teljast mikilvægt að vel sé staðið að öllum breytingum af þessu tagi og að þær séu vel kynntar meðal almennings.

Póst- og fjarskiptastofnun vann að því í samvinnu við Íslandspóst hf. að kanna möguleika á því að innleiða fimm daga pósthúsbúðir í öllum sveitum landsins og að semja kostnaðaráætlun þar að lútandi. Íslandspóstur hefur stöðugt verið að fjölga landpósthúsum þar sem póstur er borinn út fimm daga í viku en enn vantar nokkuð upp á. Niðurstaða þessarar athugunar gerir ráð fyrir að hægt verði að koma á fimm daga útbúðir fyrir mitt árið 2001 og er kostnaðarauki Íslandspósts hf. vegna þessa áætlaður tæplega 100 milljónir kr. á ári. Í lok ársins hafði ekki verið tekin afstaða til þess hvernig mæta skuli þessum kostnaði. Það verður engu að síður að teljast vera tímaspurning hvenær fimm daga útbúðir verður komið á um land allt þar eð pósthjónustutíðskipun ESB gerir um það kröfu.

Umráður hafa farið fram innan ESB að breyta þyngdar- mörkum bréfa sem falla undir einkarétt í aðildarríkjum þess en slík breyting mundi ná til alls EES. Enn hefur ekki náðst um þetta samkomulag vegna þess að ýmis ríki telja sig eiga hagsmuna að gæta við að viðhalda nógildandi ákvæðum. Önnur ríki hafa þegar afnumið einkaréttinn að mestu eða öllu leyti. Hugsanlega munu málin skýrast á árinu 2001.

THE POSTAL SERVICES IN 2000

The year 2000 did not cause many upheavals to the postal services provided for the Icelandic people. Because of higher operating costs, however, Iceland Post, Ltd. applied for a rate increase of between 5 and 14% for services in the reserved areas with respect to various letter weights. The Post and Telecom Administration concluded that the request could not be denied because it would have led to an increased financial deficit of the operator. In addition, Iceland Post, Ltd. increased tariffs for services in competitive areas. Efforts to adjust the operations of post offices continued during the year, in particular by cooperating with banks and savings funds; as a result, it is hoped that Iceland Post, Ltd. will be able to show a profit. It is clear that these kinds of measures are not welcomed by customers who feel they are receiving decreased service as a result, but in some cases the branch operational hours have been extended due to the combination of other services. It is essential that all changes of this nature are well planned and publicized.

The Post and Telecom Administration, in cooperation with Iceland Post, Ltd., investigated the possibility of introducing delivery five days a week in all parts of the country and estimated the associated costs. Iceland Post, Ltd. has been steadily increasing the number of land routes where mail is delivered five days a week, but service to some areas still remains less frequent. The conclusion of this investigation was that a five-day delivery can be established before the middle of 2001, and the associated cost increase is estimated at just under 100 million Icelandic crowns per year. At year-end it had not yet been decided how the cost increase could be funded. Because it is called for by the EU Postal Directive, however, it is only a question of time before five-day-per-week delivery is established everywhere in the country.

Discussions have been taking place within the EU to change letter weight limits in the reserved area of the member states; such a change would also apply to the EEA as a whole. Because several states have interest in maintaining the present limits, however, there is no agreement on this issue yet. Other states have already abolished the reserved areas, either fully or to a large extent. This issue may be clarified during 2001.

THE TELECOMMUNICATIONS MARKET IN 2000

There is no question that mobile telephone services were the most active part of the Icelandic telecommunications market in 2000. The number of users continued to increase; at year-end there were 213,801 users, which equates to 75% of the total number of inhabitants owning a mobile telephone. As before, Iceland Telecom, Ltd. and Tal, Ltd. competed for the attention of 185,603 GSM users, with the former enjoying significant market power and also being the only provider of NMT 450 service. The most striking feature of the mobile telephone market was the success of prepaid cards. It seems that many mobile users like this arrangement, which better enables them to control their usage than the traditional approach with fixed monthly fees and post-use bills.

It was not only the number of users that was on the increase, however. After receiving an application for allocation of frequencies for a mobile telephone network in the 1800 MHz band in the beginning of the year, the Post and Telecom Administration decided to give others an opportunity to apply for frequencies. They published an invitation for applications and received four. In June, licenses were issued to Islandssími GSM, ehf., Lína.net, hf., Hallo Frjals fjarskipti, ehf. and IMC Iceland, ehf. The last two primarily sought roles in the international roaming market, but the licenses include a condition that service must be provided in some specific part of Iceland within one year of the issue of the license, with the licensees themselves to determine the service area in their application. At year-end, however, none of the new licensees had initiated service.

Another tender was held during the year for a mobile telephone network license, this time for the third GSM license in the 900 MHz band. Iceland Telecom, Ltd. and Tal, Ltd. had already received licenses for mobile networks in this band, and in late summer the Minister of Communications decided that a third license could be issued. The Post and Telecom Administration prepared tender documents and the limit for submitting applications was set for 15 December 2000. One application was received, from Islandssími GSM, but at year-end, processing of the application was still pending.

Coverage in the media about the next type of mobile telephone network (the third generation) was extensive, not least after auctions held in several of the western European states led, in some cases, to gigantic payments to the governments. The Minister of Communications decided that an auction would not be held in Iceland during 2000, but that licenses should be allocated in accordance with the undertakings of applicants with respect to coverage and service provisions. It has not yet been determined when licenses will be issued, and, after the reaction of foreign financial markets to the high fees for mobile telephone licenses, it seems certain that the rollout of the new mobile service will be delayed. WAP data communications services was introduced in Icelandic mobile networks, but it seemed to make no greater breakthrough than in other countries. Many had expected great things from GPRS (General Packet Radio Service), which promises improved mobile data communications, but the shortage of telephone terminals with a GPRS facility prevented fulfillment of that promise.

It is generally accepted that competition in the local loop will be the most difficult to achieve because the installation of new copper cables in built-up residential areas is very expensive.

Apart from that, the prerequisite for such competition is that the fixed monthly charge for telephone service be cost-oriented and not subsidized. For more than a decade it has been apparent that fixed monthly charges have not reflected costs of maintaining the local loop, and that these charges have been subsidized by excessively high rates for trunk and international calls. Efforts to correct this have floundered on the protests of subscribers. In the 1999 law on telecommunications, the Parliament decided to re-balance telephone tariffs by mandating that the Post and Telecom Administration would determine the monthly fixed fee in accordance with cost information to be provided by Iceland Telecom. The main conclusion of this re-balancing revision was an increase in the residential monthly fee (from ISK 533 to 1,111) and in the business fee (from ISK 1,066 to 1,667). In addition, usage that had been included in monthly fees will be gradually reduced for residential telephones and immediately reduced for business telephones. There was also a reduction of the starting charge for each call, of the minute tariff, and especially of international tariffs.

There are other factors that influence the ability of new operators to compete for user-favor in the market. One of them is number portability, which enables a subscriber to take his telephone number with him when transferring from one service provider to another. According to rules that the Post and Telecom Administration set in cooperation with a working group consisting of representatives from the industry, number portability was introduced beginning 1 September 2000. According to the same rules, geographical portability will be possible from 15 February 2001, and number portability in mobile telephone networks from 1 June 2001. Another factor is carrier pre-selection, which makes it possible for a telephone user to choose another operator than the one he is connected to for certain types of calls; e.g., international calls. Rules concerning carrier pre-selection took effect 1 April 2000, but telephone users only began using this facility in any measure in the autumn. The result was intense competition for carrier selection services, and tariffs for international calls fell significantly. The third factor enabling new operators to compete is the availability of sufficient telephone numbers. Earlier it was thought that the seven-digit number series would suffice Iceland for a long time, but with the coming of new mobile telephone operators that concentrated on international roaming services, requests were made for more numbers than the existing number plan could provide. The Post and Telecom Administration consulted telephone operators on this issue and subsequently decided to implement nine-digit numbers, starting with 3. This series has not been in use until now.

Universal service is planned that will secure access to basic telephone services for all inhabitants. Included in the concept of universal service is access to public pay phones. In accordance with its special license and in consultation with Iceland Telecom, Ltd., the Post and Telecom Administration has carried out a study of the location of public pay phones and their use. After completing the study, the Administration has concluded that approximately 300 pay phones must be installed in different locations around the country where the public has access, preferably 24 hours a day but at least during the day and evening.



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Rekstrarreikningur árið 2000

Rekstrartekjur:	2000	1999
Rekstrar- og markaðar tekjur.....	159.349.050	116.167.159
Aðrar tekjur.....	1.304.551	3.577.027
Tekjur samtals	160.653.601	119.744.186
Rekstrargjöld:		
Laun og launatengd gjöld.....	61.137.628	55.445.935
Önnur rekstrargjöld.....	48.753.248	48.560.448
Samningur um rekstur strandarstöðva.....	178.383.387	0
Framlag til alþjónustu.....	18.618.302	0
Rekstrargjöld samtals	306.892.565	104.006.383
Eignakaup.....	1.143.215	5.494.588
Gjöld alls	311.035.780	109.500.588
 Tekjur umfram gjöld án fjármagnsliða.....	 (150.382.179)	 10.243.598
 Fjármagnstekjur:.....	 7.532.665	 3.615.477
 Tekjuafgangur (halli) án ríkisframlags.....	 (142.849.514)	 13.859.075
Framlag ríkissjóðs v.strandarstöðva og alþjónustu.....	225.000.000	(700.000)
Tekjuafgangur	82.150.486	13.159.075

Efnahagsreikningur 31.12.2000

Eignir:	2000	1999
Ríkissjóður.....	92.799.279	63.844.857
Viðskiptakröfur.....	71.609.348	30.649.914
Innskattsreikningur.....	3.666.829	0
Sjóður og bankareikningur.....	50.798.847	39.599.436
	218.874.303	134.094.207
Skuldir og eigið fé:		
Eigið fé:		
Höfuðstóll í ársbyrjun.....	113.256.751	100.097.676
Tekjuafgangur ársins.....	82.150.486	13.159.075
Eigið fé í árslok	195.407.237	113.256.751
Skuldir:		
Samningur um strandarstöðvar.....	18.633.480	0
Viðskiptaskuldir.....	4.833.586	20.837.456
Skuldir alls	23.467.066	20.837.456
Skuldir og eigið fé samtals	218.847.303	134.094.207

Aths. Greiðslur vegna reksturs strandarstöðva eru tilkomnar skv. samningi Póst- og fjarskiptastofnunar f.h. ríkissjóðs við Landssíma Íslands hf. Framlag til alþjónustu er greitt Neyðarlínunni hf. vegna reksturs skiptiborðs fyrir neyðarnúmerið 112. Ríkissjóður lagði á fyrra hluta ársins fram fé á móti en á seinni hlutanum var innheimt jöfnunargjald af rekstrarleyfishöfum.

POST AND TELECOM ADMINISTRATION

Operating Statement for 2000

Operating revenue:	2000	1999
Operating fees and scheduled income	159,349,050	116,167,159
Other income	1,304,551	3,577,027
Total income	160,653,601	119,744,186
Operating costs:		
Salaries and associated costs	61,137,628	55,445,935
Other operating costs	48,753,248	48,560,448
Contract for the operation of coast stations	178,383,387	0
Funding of universal service	18,618,302	0
Total operating costs	306,892,565	104,006,383
Purchase of assets	1,143,215	5,494,588
Total costs	311,035,780	109,500,588
Balance before financial items	(150,382,179)	10,243,598
Financial items	7,532,665	3,615,477
Profit (loss) before financial items	(142,849,514)	13,859,075
Treasury funding of coast stations and universal service.....	225,000,000	(700,000)
Profit (loss) for the year	82,150,486	13,159,075

Operating Statement for 2000

Assets:	2000	1999
Treasury	92,799,279	63,844,857
Receivables	71,609,348	30,649,914
VAT account	3,666,829	0
Funds and bank accounts	50,798,847	39,599,436
Total assets	218,874,303	134,094,207
Liabilities		
Equity		
Capital at beginning of year	113,256,751	100,097,676
Balance of the year	82,150,486	13,159,075
Equity at end of year	195,407,237	113,256,751
Debts:		
Contract for the operation	18,633,480	0
Short terms debt	4,833,586	20,837,456
Total debts	23,467,066	20,837,456
Total debts and equity	218,874,303	134,094,207

Note: Payment towards the operation of coast stations is the result of a contract between the Post and Telecom Administration on behalf of the Treasury and Iceland Telecom, Ltd. Funding towards universal service is allocated to Neyðarlínan, Ltd. due to the operation of the 112 emergency switchboard. The Treasury provided funding for the first part of the year, but during the second half a universal service contribution was collected from licensees.



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN